

AUGLÝSING

um breytingu á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum.

Hinn 10. ágúst 1987 var samþykktarskjali Íslands vegna bókunar um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og Færeyjum komið til vörslu hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki, nr. 110. Bókunin var gerð í Montreal 3. nóvember 1982 og undirrituð fyrir Íslands hönd sama dag.

Ákvæði bókunarinnar önnur en 10. gr. öðluðust gildi til bráðabirgða 1. janúar 1983. Tilkynnt verður um endanlega gildistöku síðar.

Bókunin er ekki birt hér en hægt er að sjá texta hennar í utanríkisráðuneytinu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

31. ágúst 1987

Nr. 16

AUGLÝSING

um breytingu á Parísarsamningi um mengun sjávar.

Hinn 26. ágúst 1987 var franska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar um breytingu á samningi frá 4. júní 1974 um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem gerð var í París 26. mars 1986. Samningurinn er birtur í auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1981.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Tilkynnt verður um gildistöku bókunarinnar síðar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. ágúst 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um breytingu á samningi um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum

Aðilar samnings um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem gerður var í París 4. júní 1974 (hér eftir nefndur „samningurinn“);

sem hafa í huga 1. gr. samningsins þar sem samningsaðilar skuldbinda sig til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir mengun sjávar;

sem gera sér ljóst að í samningnum er ekki að finna ákvæði um varnir gegn mengun sjávar sem berst um andrúmsloftið;

PROTOCOL

Amending the Convention for the Prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources

The Contracting Parties to the Convention for the Prevention of Marine Pollution from Land-Based Sources, done at Paris on 4 June 1974 (hereinafter referred to as “the Convention”);

Recalling Article 1 of the Convention, in which Contracting Parties pledge themselves to take all possible steps to prevent pollution of the sea;

Recognizing that the Convention does not contain provisions referring to the prevention of pollution of the maritime area through the atmosphere;

sem vilja færa út gildissvið samningsins, þannig að hann taki til slíkrar mengunar;
hafa orðið ásaðttir um eftirfarandi;

1. gr.

Eftirfarandi ákvæði skal felld inn í 3. gr. samningsins á eftir lið iii í staflað c:

„iv. með því að hleypa efnum út í andrúmsloftið frá landi eða frá mannvirkjum eins og þau eru skilgreind í lið iii hér að ofan.“

2. gr.

1. málslíð 3. t. l. 4. gr. skal breytt með því að fella inn orðin „eða í andrúmsloftið“ á eftir orðunum „losun í vatnsfarvegi“.

3. gr.

Eftirfarandi orð skulu felld inn í upphafi d-liðs 16. gr. samningsins:

„að athuga möguleika á, og, eftir því sem við á.“

4. gr.

1. Bókun þessi skal liggja frammi til undirritunar í París dagana 26. mars 1986 til 30. júní 1986 af hálfu þeirra ríkja sem aðilar eru að samningnum á þeim degi er hún er lögð fram til undirritunar, og af hálfu Efnahagsbandalags Evrópu.

2. Bókun þessi er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.

5. gr.

Eftir 30. júní 1986 getir hvert það ríki, sem 24. gr. samningsins tekur til, svo og Efnahagsbandalag Evrópu, gerst aðilar að bókun þessari.

6. gr.

1. Bókun þessi skal taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er hinn síðasti samningsaðili sem 4. gr. bókunar þessarar tekur til hefur afhent fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjal sitt.

2. Gagnvart hverju því ríki sem aðili gerist að bókun þessari eftir gildistöku hennar skal hún taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er aðildarskjal þess er afhent.

3. Lítið skal svo á sem hvert það ríki, sem aðili gerist að bókun þessari án þess að vera aðili að

Desiring to extend the scope of the Convention to such pollution;

Have agreed as follows:

ARTICLE I

The following clause shall be inserted in Article 3 of the Convention after iii. of sub-paragraph c:

“iv. by emissions into the atmosphere from land or from man-made structures as defined in sub-paragraph iii. above.”

ARTICLE II

The first sentence of Article 4, paragraph 3, shall be amended by inserting the words “and emissions into the atmosphere”, after the words “discharges into watercourses”.

ARTICLE III

The following clause shall be inserted at the beginning of Article 16 d of the Convention:

“to examine the feasibility of and, as appropriate,”

ARTICLE IV

1. This Protocol shall be open for signature at Paris from March 26th 1986 until June 30th 1986 by the States which are Parties to the Convention on the date of the opening for signature of this Protocol, and by the European Economic Community.

2. This Protocol shall be subject to ratification, acceptance or approval.

ARTICLE V

After 30th of June 1986 this Protocol shall be open for accession by any State referred to in Article 24 of the Convention and by the European Economic Community.

ARTICLE VI

1. This Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the last of the Contracting Parties referred to in Article IV of this Protocol has deposited its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

2. For any other State becoming Party to this Protocol after its entry into force, this Protocol shall enter into force on the first day of the second month following the date on which that State has deposited its instrument of accession.

3. Any State which becomes a Contracting Party to this Protocol without being a Contracting

samningnum, sé frá þeim degi er bókun þessi tekur gildi gagnvart því aðili að samningnum eins og honum er breytt með bókun þessari.

4. Litið skal svo á sem hvert það ríki, sem aðili gerist að samningnum eftir að bókun þessi tekur gildi, sé aðili að samningnum eins og honum er breytt með bókun þessari.

5. Fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- og aðildarskjölum skal komið í vörslu ríkisstjórnar lýðveldisins Frakklands.

7. gr.

Ríkisstjórn sú sem er vörsluaðili samningsins skal tilkynna samningsaðilum og ríkjum þeim sem um getur í 22. gr. samningsins um undirritanir bókunar þessarar, um afhendingu fullgildingar-, staðfestingar-, samþykkis- eða aðildarskjala samkvæmt 4., 5. og 6. gr. og um gildistöku dag bókunarinnar.

8. gr.

Frumriti bókunar þessarar, en enskur og franskur texti hennar eru jafngildir, skal komið í vörslu ríkisstjórnar lýðveldisins Frakklands.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað bókun þessa.

Gjört í París, 26. mars 1986.

ting Party to the Convention shall be considered as a Contracting Party to the Convention as amended by this Protocol as of the date of entry into force of this Protocol for that State.

4. Any State which becomes a Contracting Party to the Convention after the entry into force of this Protocol shall be considered as a Contracting Party to the Convention as amended by this Protocol.

5. The instruments of ratification, acceptance, approval or accession shall be deposited with the Government of the French Republic.

ARTICLE VII

The Depository Government shall inform the Contracting Parties and those States referred to in Article 22 of the Convention of signatures of this Protocol, of the deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, made pursuant to Articles IV, V and VI, and of the date of entry into force of this Protocol.

ARTICLE VIII

The original of this Protocol, of which the English and French texts shall be equally authentic, shall be deposited with the Government of the French Republic.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, duly authorized by their respective Governments, have signed this Protocol.

Done in Paris, this MARCH 26th 1986.

10. september 1987

Nr. 17

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd.

Samningur frá 19. ágúst 1986 um stofnun norræns þróunarsjóðs fyrir hin vestlægu Norðurlönd mun öðlast gildi 17. september 1987, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1987 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. september 1987.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.